

AUGLÝSING

69

12. marz

um þýðing tollskrárlaga á erlend tungumál.

Ráðuneytið vill hér með vekja athygli innflytjenda og annara hlutaðeigenda á því, að það hefir látið þýða á nokkur erlend tungumál fyrirmæli tollskrárlaganna um innkaupsreikninga og önnur skjöl um vörur innfluttar hingað til lands, en eftir tollskrárlögum liggja viðurlög við því, ef ekki er fullnægt þessum fyrirmælum.

Hlutaðeigendur geta snúið sér til tollskrifstofanna til að fá þýðingarnar af umræddum fyrirmælum.

Fjármálaráðuneytið, 12. marz 1940.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

REGLUGERÐ

70

19. marz

um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða.

1. gr.

Heildsalar mega ekki láta úti benzín til bifreiðaaksturs nema til smásala, sem annast benzínsölu á bifreiðar annaðhvort fyrir eigin reikning eða í umboði heildsalarans (olíufélagsins).

Eigendum og umráðamönnum benzínbirgða, sem ætlaðar eru til afhendingar í smásölu, er óheimilt að láta úti nokkuð af þeim til bifreiðaaksturs fram yfir það, sem nægir til að fylla benzíngeymi bifreiðar þeirrar, sem benzínið tekur, og má ekki tæma benzíngeymi bifreiðarinnar á annan hátt en með eðlilegri eyðslu gangvélar bifreiðarinnar, nema þess þurfi vegna bilunar á bifreiðinni eða hún sé tekin úr notkun.

2. gr.

Benzín til annarrar notkunar en bifreiðaaksturs er bannað að afhenda nema til nauðsynlegustu þarfa og ekki án sérstakrar skriflegrar heimildar hlutaðeigandi lög-
reglustjóra meira en venjulegan mánaðarforða.

3. gr.

Bannaður er allur ónauðsynlegur akstur bifreiða og verða bifreiðarstjórar og farþegar að gera lögreglunni grein fyrir ferðum sínum, þegar þess er krafizt.

Lögreglustjórar geta, hver í sínu umdæmi, eftir atvikum, sett ákvæði til hindrunar óþörfum akstri í og úr umdæminu.

4. gr.

Í Reykjavík skal ein eða fleiri bifreiðastöð vera opin að nóttunni til nauðsynlegs aksturs og setur póst- og símamálastjóri reglur um hvernig stöðvar bæjarins skuli skiptast á um það og um það, hversu margar bifreiðar megi hafa í notkun svo og um tilhögun akstursins.